

Nd.

192. Frumvarp til laga

til laga um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Inn í 11. gr. laganna komi nýr liður, sem verður 6. liður, svo hljóðandi:
Foreldri, þótt eigi hafi verið á framfæri hins látna, er slysið vildi til, hlýtur 500 kr.

Liðatala greinarinnar breytist eftir þessu.

2. gr.

Aftan við 81. gr. laganna bætist:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir (framfærslunefndir) skulu úthluta sérstaklega vöxtum af ellistyrktarsjóði viðkomandi bæjar eða hrepps, og teljast þau ellilaun, sem þannig er úthlutað, hvorki með framlagi Lífeyrissjóðs Íslands né bæjar- eða sveitarsjóðs. Skal þessum ellilaunum úthlutað til 60 ára manna og eldri, sem vænta má, að nægi sú úthlutun til þess að komast hjá því að þiggja framfærslustyrk. Heimilt er að úthluta vöxtum af ellistyrktarsjóði, þótt engin úthlutun hafi fram farið úr bæjar- eða sveitarsjóði.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna var samþykkt að fela þingmönnum flokksins að beita sér fyrir því á næsta Alþingi, að lögum um alþýðutryggingar verði breytt þannig:

- a. Að hvert sveitar- og bæjarfélag fái til úthlutunar árlega vexti af ellistyrktarsjóði sínum, og sé þeim úthlutað sem ellilaunum til 60 ára manna og eldri, sem vænta má, að nægi sú úthlutun til þess að komast hjá því að þiggja framfærslustyrk. Á móti þeirri upphæð þurfi eigi að leggja neitt framlag úr sveitar- og bæjarsjóði.
- b. Að foreldri, er missir barn sitt við bótaskyldt slys, fái eigi lægri dánarbætur en 500 kr., þótt það hafi eigi verið á framfæri hins látna, er slysið vildi til.

Samkvæmt ofanritaðri ályktun flokksþings framsóknarmanna er þetta frv. flutt.